

---

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

---

## 7. FUNDUR ATVINNU OG LANDBÚNAÐANEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

---

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, MIÐVIKUDAGINN 8. SEPTEMBER 2021, KL. 16:00

---

Miðvikudaginn 8. september árið 2021 var haldinn fundur í atvinnu og landbúnaðarnefnd Súðavíkurhrepps.

Mætt voru á fundinn: Karl Guðmundur Kjartansson, Jóhanna Kristjánsdóttir, Arthúr Rúnar Guðmundsson, Aðalsteinn L. Valdimarsson og Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri.

Á fundinn var boðið Marinó Hákonarsyni.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins.  
Karl Guðmundur Kjartansson setur fundinn og gengið er til dagskrár.  
Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritar fundargerð.  
Dagskrá:

1. Staða fjallskila í Súðavíkurhreppi 2021.
2. Fjallskil í Súðavíkurhreppi 2021 - leitarseðill.
3. Minka- og refaveiðar í Súðavíkurhreppi.
4. Önnur mál.

Afgreiðsla erinda:

### 1. Staða fjallskila í Súðavíkurhreppi 2021.

Marinó rekur hvernig staða þeirra sem þurfa að smala sauðfé af fjalli auk heimalanda hefur breyst. Dagsverk hvers bæjar í smölnun hefur aukist 5-6 falt og leitarsvæði hvers bæjar stækkað sem nemur því landi sem horfið hefur úr ábúð. Leggur til að girt verði milli Hörgshlíðar yfir að Eyri í Ísafirði. Girðing yrði um 6 km líklegast og það myndi gjörbreyta stöðunni varðandi smalamennsku. Gæfi kost á að vera með skilarétt í Svansvík og Skálavík. 15-1600 fjár í heildina á þessu svæði. Upprekstrarland yrði þá sameiginlegt.

### 2. Fjallskil í Súðavíkurhreppi 2021 - leitarseðill.

Leitarseðill fyrir 2021 í Súðavíkurhreppi samþykktur.

### 3. Minka- og refaveiðar í Súðavíkurhreppi.

Lagt er til að fyrirkomulag minka- og refaveiðar verði með sama fyrirkomulagi og árið 2021. Svæði verði frá Súðavíkurhlíð að Ögurnesi og mun ráðinn refaveiðimaður á vegum Súðavíkurhrepps sjá um það svæði. Frá Ögurnesi inn að Ísafjarðarbotni verður minka- og refaveiði á forræði landeigenda í Inndjúpi.

#### 4. Önnur mál.

Lagt til að keyptar verði grindur / færanleg hólf fyrir fé fyrir bændur í Inndjúpi. Kanna með kostnað og hvaða lausnir eru til.

Fundi slitið kl. 17:10.  
Samþykkt samhljóða.  
Sign.

Karl Guðmundur Kjartansson



Arthúr Rúnar Guðmundsson



Jóhanna Kristjánsdóttir



Aðalsteinn L. Valdimarsson

